

Latibær flytur til London

Gunnar Atli Gunnarsson skrifar 30. maí 2014 19:38

„Ég kem vel út úr þessu að öllu leyti nema að ég vann aðeins of mikið" segir Magnús Scheving, stofnandi Latabæjar, en fyrirtækið hættir starfsemi hér á landi síðar á þessu ári.

Magnús hefur starfað sem höfundur og forstjóri Latabæjar undanfarin tuttugu ár, en hann tilkynnti í dag að hann muni hætta störfum hjá fyrirtækinu síðar á þessu ári. Starfsemi Latabæjar hér á landi mun því að öllu leyti flytjast til Bretlands. En hvers vegna telur Magnús að þetta sé orðið gott?

„Ég er búinn að vera tuttugu ár í þessu og ákvað að tímamótin eru komin núna. Hugsaði með mér, af hverju tek ég ekki stærsta stökkið sem ég hef nokkurn tíman tekið og hoppa bara vagninum núna og segi: „jæja, nú er nóg komið.“

Og hvað tekur nú við hjá Magnúsi?

„Ég er persónulega í þínu vandræðum. Mig hefur langað til að gera svo margt. Ég mátti til dæmis ekki fara á skíði, ég mátti ekki vera á sjóðskiðum, ég mátti ekki vera á mótorhjólum, ég mátti ekki gera neitt eiginlega. Ekki fallhlífastökk. Mér finnst ég eins og kálfur eða belja sem er að komast út og allt í einu og get farið að hoppa. Kannski ekki hoppa, ég er búinn að hoppa svo mikið. Kannski verð ég að setjast niður og slaka aðeins á.“

En hvernig skilur hann fjárhagslega við fyrirtækið?

„Ég fer frábærlega frá þessu í rauninni. Það má alltaf velta fyrir sér hvað er hagnaður, er það bara peningar í vasann eða er hagnaður eitthvað meira. Ég kem vel úr þessu, að öllu leyti nema að ég vann aðeins of mikið. Þannig að ég ráðlegg öllum sem eru að taka að sér mjög stór verkefni að vinna kannski ekki of mikið, því þú missir svo margt við það.“

Magnús fagnar fimmtugsafmæli í nóvember og hefur sjaldan verið í betra formi.

„Ég er ekkert orðinn það gamall, ég á fullt af árum eftir. Ég get ennþá farið í splitt sko.“